

# Skógarlönd 5, leikskólalóð

## Deiliskipulagsbreyting

Múlaþing



TILLAGA AÐ BREYTINGU 1:1.000



GILDANDI SKIPULAG 1:1.000



Aðalskipulag Fljótshálsa 2008-2028  
Þéttbýlisuppráttur: Egilsstaðir og Fellabær  
- Staðsetning merkt með rauðum hring

### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Mörk skipulagssvæða
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur, afmarkandi lína
- Götur og bílastæði
- Göngustígar

### SKIPLAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:

Gildandi deiliskipulag 1:1.000

Tillaga að breytingu deiliskipulags 1:1.000

Staðsetning á Aðalskipulagi  
Fljótshálsa 2008-2028

Kortagrunnur:

Skipulagsuppráttur er teiknað í kortagrunni sveitarfélagsins.

### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 43. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010, var samþykkt í Umhverfis- og framkvæmdaráði þann

f.h. Múlaþings

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild

Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_.

### ALMENNT

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2 mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulagið Skógarlönd 5 sem samþykkt var 19.10.2005 í bæjarstjórn Fljótshálsa. Breyting er gerð á upprætti og greinargerð.

### STAÐA Í AÐALSKIPULAGI

Samkvæmt aðalskipulagi Fljótshálsa 2008-2028 er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem þjónustustofnanir (T6). Í greinargerð er reiturinn auðkenndur sem leikskóli og skipulagsákvæðin eru eftirfarandi: Fyrir liggur deiliskipulag leikskólabyggingar á tveimur hæðum.

### FORSENDUR

Markmið breytingarinnar er að bregðast við húsnæðisvanda leikskólans. Núverandi leikskólabygging er 1.074,4 m<sup>2</sup> og einnig er á lóðinni 40 m<sup>2</sup> geymsla. Breytingin gerir ráð fyrir að fjölga megi byggingum á lóðinni fyrir starfsemi leikskólans. Þar sem nú stendur til að koma fyrir 72 m<sup>2</sup> færanlegri skólastofu norðan við núverandi leikskólabyggingu. Breytingin er metin óveruleg þar sem hún vikur ekki frá notkun, er á afmörkuðu svæði og er í samræmi við þá byggð sem er á svæðinu.

### BREYTINGAR Á SKILMÁLUM DEILISKIPULAGSINS

Lagðar eru til breytingar á kafla: Byggingarskilmálar.

#### Byggingarskilmálar

##### Gildandi skilmálar:

Innan byggingarreits er heimilt að reisa byggingu fyrir leikskóla á einni hæð. Mænishæð verði ekki meiri en 6 metrar. Skilmálar eru frjálssir innan byggingarreits hvað varðar staðsetningu, form og efnisval. Þaklitur skal vera grátóna eða í jarlit.

##### Tillaga að breyttum skilmálum:

Innan byggingarreita er heimilt að reisa byggingar fyrir starfsemi leikskóla á einni hæð. Mænishæð verði ekki meiri en 6 metrar. Skilmálar eru frjálssir innan byggingarreits hvað varðar staðsetningu, form og efnisval. Þaklitur skal vera grátóna eða í jarðlitum.

Að öðru leiti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.



Skógarlönd 5, leikskólalóð  
Múlaþing  
Deiliskipulagsbreyting

SKJALALYKILL:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNID:	RÝNT:
8776-005-19	A3	AKS	MMR
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:1.000	26.10.23	---	

SAMÞYKKT:

**TILLAGA**